



94. Fundur bæjarráðs Blönduóssbæjar
miðvikudaginn, 8. september, 2004, kl. 17:30 á skrifstofu bæjarins.

Formaður bæjarráðs, Valdimar Guðmannsson, setti fund og stjórnáði honum. Bæjarstjóri ritaði fundargerð. Mæting skv. undirskriftum.

Dagskrá:

1. Mæting í Grunnskólann á Blönduósi - Endurgerð "gamla skóla".
2. Atvinnumál.
3. Bréf frá fjárlaganefnd Alþingis.
4. Vika símenntunar 2004.
5. Erindi frá íbúum Aðalgötu 11.
6. Fundargerð Héraðsbókasafns A-Hún ásamt ársreikningi 2003.
7. Fundargerðir SSVN
8. Bréf frá UMFÍ.
9. Rekstaryfirlit sveitarsjóðs.
10. Önnur mál.

Afgreiðslur:

1. **Mæting í Grunnskólann á Blönduósi - Endurgerð "gamla skóla".**
Bæjarráð, ásamt bæjarstjóra kynnti sér þær miklu endurbætur sem nýverið var lokið við í Grunnskólanum á Blönduósi.
2. **Atvinnumál.**
Rætt um þau verkefni sem í gangi eru á sviði atvinnumála og almennt um atvinnulíf á svæðinu.
3. **Bréf frá fjárlaganefnd Alþingis.**
Sveitarstjórnarmönnum er gefinn kostur á að eiga fund með nefndinni dagana 27. og 28. september, vegna fjárlagaársins 2005. Bæjarstjóra falið að bóka fund með fjárlaganefnd. Jafnframt samþykkt að vísa erindum sem fjalla á um á fundi fjárlaganefndar til umræðu í bæjarstjórn.
4. **Vika símenntunar 2004.**
Haldinn dagana 12. - 18. september nk. og er það miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra sem skipuleggur dagskrána. Lagt fram til kynningar.
5. **Erindi frá íbúum Aðalgötu 11.**
Bréfitarar vekja athygli á því að fundargerðir eru birtar á netinu áður en þeir aðilar sem hlut eiga að máli eru látnir vita um niðurstöður. Jafnframt gera bréfitarar athugasemdir við afgreiðslu skipulags- og byggingarnefndar vegna fyrra erindis þeirra dags. 19. júlí sl. Bæjarstjóra falið að svara erindunum.



6. Fundargerð Héraðsbókasafns A-Hún ásamt ársreikningi 2003.

Fundargerðin hefur þegar verið samþykkt í bæjarstjórn hinn 7. september sl. Samkvæmt ársreikningum safnsins er rekstrartap á árinu 2003 kr. 373.613,-.

7. Fundargerðir SSNV

Fundargerðir frá 27. ágúst og 1. september sl. lagðar fram til kynningar. Fram kemur í síðari fundargerð að stefnt sé að aukaárþingi SSNV hinn 29. október nk., kl. 14:00 að Löngumýri í Skagafirði.

8. Bréf frá UMFÍ.

Fram kemur að UMFÍ og Dalabyggð ætla að hefja rekstur tómstundabúða fyrir ungmenni að Laugum í Dalasýslu. Lagt fram til kynningar.

9. Rekstaryfirlit sveitarsjóðs.

Bæjarstjóri fór yfir reksturinn frá janúar til loka júní 2004.

10. Önnur mál.

a. Ágúst Þór Bragason lagði fram eftirfarandi tillögu:

"Bæjarstjórn samþykkir að gera tilraun með að leggja niður bæjarráð Blönduóssbæjar frá 1. október nk. í 6 mánuði og að störf þess verði í höndum bæjarstjórnar. Að þeim tíma liðnum verði lagt mat á árangur þessarar breytingar. Tillögunni er ætlað að ná fram sparnaði og aukinni skilvirkni í stjórnarsýslunni enda er sveitarstjórnnum mikilvægt að leita nýrra leiða til hagræðingar. Áætla má að árlegur sparnaður sé um 1,5 milljónir króna". Ágúst Þór Bragason.

Tillögunni vísað til afgreiðslu næsta bæjarstjórnarfundar. Valdimar Guðmannsson situr hjá við afgreiðslu málsins

b. Aðalfundur Félagsheimilisins á Blönduósi ehf., 13. september nk.

Samþykkt að bæjarráð fari með atkvæði sveitarfélagsins á aðalfundinum.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl 19:20.

Ágúst Þór Bragason (sign.)
Jóhanna G. Jónasdóttir (sign.)
Valdimar Guðmannsson (sign.)

Jóna Fanney Friðriksdóttir (sign.)